

SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG
AUSTURVEGI 2, RÁÐHÚSI
800 SELFOSSI



ALMENN RÁÐGJÖF



FASTIGNASALA



SLÝSA OG BÓTAMÁL

Selfossi, 26. nóvember 2020

Varðar: Umsókn um kaup eða leigu á landi í eigu sveitarfélagsins Árborgar, jörðin Borg III, landnr. 210187, Sveitarfélaginu Árborg.

Undirrituðum hefur verið falið f.h. GeoTækni ehf., kt. 680907-0640, að kanna vilja sveitarfélagsins til þess að fá keypta eða eftir atvikum fá leigða á langtíma leigu spilduna Borg III, lnr. 210187 sem er í eigu Sveitarfélagsins Árborgar.

GeoTækni ehf., sem er félag sem vinnur að grænni nýsköpun, hefur fengið leyfi Umhverfisstofnunar til innflutnings haugána, ánamaðka, frá Austurríki í þeim tilgangi að nýta ánamaðkana við framleiðslu á áburði úr lífrænum úrgangi með svokallaðri Vermicompost aðferð.

Verkefni þetta, sem hefur í þriggung fengið styrk frá Uppbyggingasjóði Suðurlands, byggir á því að lífrænn úrgangur er gefinn ánamöðkum sem þá breyta honum í áburð. Áburður þessi telst lífrænn og myndi fást vottaður sem slíkur fyrir alla lífræna framleiðslu.

Til nánari skýringa fer framleiðslan fram í 20-25 metra löngum kössum sem eru um 1 meter að dýpt í einangruðum bogahúsum með rafmagni, vatni og hitaveitu. Aðföng fyrir framleiðsluna verður að mestu leyti lífrænn úrgangur s.s. molta auk stoðefnis sem væri í flestum tilfellum úrgangur frá búfjárrækt og trjáskur. Í kössunum halda ormarnir sig nærri yfirborðinu og matast á lífræna úrganginum. Í meltingarvegi þeirra mylst fæðan niður og verður aðgengilegri fyrir örverur. Lífræn efni brotna smám saman niður í þessu ferli og verða að ólífrænum efnasamböndum sem plöntur geta nýtt sér sem næringu en auk þess er örveruvirkni áburðarins mikil og veitir m.a. aukna vernd gegn ýmsum plöntusjúkdómum, hækkar spírunarhlutfall fræja og stuðlar að auknum og heilbrigðari vexti svo eitthvað sé nefnt. Áburðurinn safnast fyrir í neðri lögum kassanna og er svo skafin undan botninum með þar til gerðum búnaði. Eftir sigtun er afurðin tilbúin til frekari vinnslu eða dreifingu.

Mikill skortur er á áburði fyrir lífræna framleiðslu í landinu og er því mikilvægt að auka framboð fyrir slíka ræktunarmöguleika. Áætlað er að strax frá upphafi muni að minnsta kosti skapast tvö ársverk við vinnsluna en þeim svo fjölga samhliða frekari framleiðsluaukningu og vexti fyrirtækisins.

Árið 2016 var af umhverfis- og auðlindaráðherra sett úrgangsforvarnarstefna sem miðar að því að taka fyrstu skref í átt að innleiðingu hringrásarhagkerfisins á Íslandi. Þá hefur Umhverfis Suðurland áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga vakið athygli á innleiðingu hringrásarhagkerfisins. Vinnsluáferð

Þessa verkefni fellur fullkomlega að hugmyndafræði þeirri sem býr að baki hringrásarhagkerfinu en með þessari aðferð er verið að breyta úrgangi í nýja vöru á innanlandsmarkaði sem vöntun er á.

Í ljósi framangreinds þarfnast félagið landsvæðis til þess að koma upp aðstöðu fyrir vinnsluna. Félagið fer þess því hér með á leit við sveitarfélagið að ýmist fecta kaup á eða taka á langtíma leigu jörðina Borg III, landnr. 210187, Sveitarfélaginu Árborg, en land jarðarinnar hentar afar vel fyrir starfseminna vegna nálægðar við veitulagnir og vegtengingu.

Sé frekari upplýsinga þörf um verkefnið eða beiðni þessa, vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Með von um jákvæðar undirtektir og stuðning við græna nýsköpun.

Virðingarfyllst,
f.h. GeoTækni ehf.



Torfi Ragnar Sigurðsson h.

Meðfylgjandi:

- 1) Uppdráttur af landinu
- 2) Fasteignayfirlit

FASTEIGNAYFIRLIT

Fasteignanúmer: F2341193

Borg III, Sveitarfélagið Árborg

ÞINGLÝSTIR EIGENDUR

Nafn	Kennitala	Heimild	Eignarhlutfall	Staða
Sveitarfélagið Árborg	650598-2029	Eignayfirlýsing	100%	Þ

Landeigendur
Gögn vantar

FASTEIGNAMAT

Gildandi fasteignamat 2020

1.835.000 kr.

Fyrirhugað fasteignamat 2021

1.885.000 kr.

NOTKUNAREINING - RÆKTUNARLAND

Notkunareininganúmer

N2341193

Staðfang

Borg III

Húsmat

0 kr.

Lóðarmat

1.835.000 kr.

Brunabótamat

0 kr.

Endurstofnsverð

0 kr.

Notkun

Ræktunarland

Flatarmál

0,0

Tryggingafélag

Byggingarefni

Vantar

Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall	Kaupdagur	Afhending
Sveitarfélagið Árborg	650598-2029	100%	29.11.2006	29.11.2006

Matseiningar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Flatarmál	Bygg.stig	Matsstig	Fasteignamat	Brunabótamat
01	Ræktunarland	-	0,0	-	-	1.835.000 kr.	0 kr.

Rekstrareiningar

Engar skráðar rekstrareiningar

LANDUPPLÝSINGAR

Landeignanúmer: L210187

Gerð	Notkun	Stærð	Lóðarmat
Lóð	Ræktunarland	14,0 ha	1.835.000 kr.

Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall
Sveitarfélagið Árborg	650598-2029	100 %

Skýringar

Byggingarstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa

Matsstig: Forsenda mats

Vísitala brunabótamats: 743,4

ATH: Þinglýst eignaskiptayfirlýsing er sú heimild sem gildir um skráningu fasteigna. Ef misræmi er á milli upplýsinga í fasteignaskrá og þinglýstrar eignaskiptayfirlýsingar þá gildir þinglýst eignaskiptayfirlýsing.

Landeignaskrá

X

Landnúmer: 210187

Skrað stærð: 140.000 m²

Mæld stærð: 140.282 m²

Staða eignar: Þinglýst skjal/Skjal frá sveitarfélagi

Upplýsingarnar eru sóttar í rauntíma frá Þjóðskrár Íslands



